

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis
Nefndarsvið
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Hr. Bergþór Ólafsson formaður

Kópavogur, 5. október 2019

Efni: Umsögn Gagnaveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta

Gagnaveita Reykjavíkur (GR) fagnar tækifæri til að taka þátt í umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sbr. þingskjal 122 – 122. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020.

GR telur frumvarpið mikilvægan þátt í að byggja upp öflugan markað fyrir grunnnetþjónustu fyrir alla landsmenn. Frumvarpið eykur líkur á meiri hagkvæmni í uppbyggingu fjarskiptaneta og lægri kostnaði við uppbyggingu þeirra.

Uppbygging a.m.k. tveggja eða fleiri sjálfstæðra grunnneta í landinu er að mati GR mikilvæg til ná framangreindum markmiðum að örva samkeppni á heildsölu- og smásölumarkaði fjarskiptaþjónustu og tryggja aukið öryggi í fjarskiptum.

Þá verður sífellt algengara að fyrirtæki og stofnanir kaupi grunnnetþjónustu af tveimur eða jafnvel fleiri fjarskiptafyrirtækjum til þess að tryggja rekstraröryggi og órofið samband.

Að öðru leiti vísar GR til fyrri umsagna af hálfu félagsins í tengslum við frumvarp til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta sem lagt var fram á 149. löggjafarþingi 2018-2019 (639. mál). Þá tekur GR undir umsagnir Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar sem send voru inn í tengslum við meðferð fyrri frumvarps um sama efni. Hvetur GR Alþingi og umhverfis- og samgöngunefnd til þess að eiga frekara samtal við Samkeppniseftirlitið og ekki síst Póst- og fjarskiptastofnun vegna frumvarpsins, en sú stofnun vinnur nú að innleiðingu heildarlöggjafar á sviði fjarskiptamála („Kóðann“) sem gegna mun lykilhlutverki í uppbyggingu fjarskipta á Íslandi á komandi árum. Framangreint samtal er sérlega mikilvægt vegna þess hve kvikur fjarskiptamarkaðurinn er.

Það er skoðun GR, eins og fram hefur komið í fyrri athugasemdum, að innleiðing í núverandi mynd muni nýttast markaðsaðilum, enda hefur verið unnið skv. því fyrirkomulagi að miklu leyti undanfarin ár.

GR vísar til framangreindra athugasemda félagsins bæði hvað varðar innleiðingu *Kóðans* inn í íslensk lög og leggur jafnframt til að frumvarpið verði innleitt í núverandi mynd.

Fulltrúum GR er það bæði ljúft og skylt að koma á fund nefndarinnar, miðla af þekkingu og reynslu af fjarskiptamarkaðnum, deila framtíðarsýn félagsins og svara spurningum nefndarinnar og ræða málið frekar.

Virðingarfyllst

f.h. Gagnaveitu Reykjavíkur

Jóhann Sveinn Sigurleifsson